

Vinnuskóli Borgarbyggðar

Vinnuskóli Borgarbyggðar mun starfa frá 8. júní til 31. júlí sumarið 2020. Leitast verður við að veita öllum 13-16 ára (7.-10. bekkur) unglingum búsettum í Borgarbyggð starf í Vinnuskólanum.

Vinnuskólinn starfar samkvæmt samþykktum Borgarbyggðar en ekki samkvæmt lögskipaðri námskrá. Ekki er skólaskylda í Vinnuskólanum.

Starfsstöðvar Vinnuskólans verða á Bifröst, í Borgarnesi, á Hvanneyri og í Reykholti.

Þeir sem sjá um verkstjórn í Vinnuskólanum í Reykholti er Snorrastofa, á Hvanneyri er það Landbúnaðarháskóli Íslands og á Bifröst er það Háskólinn á Bifröst.

Ásamt því að vinna við almenn garðyrkjustörf geta nemendur **óskað** eftir því að vinna eftirfarandi störf, en stefnt er að því að allir nemendur í 8.-10. bekk að prófi önnur verkefni í 1-2 vikur yfir tímabilið. Þeir sem eru í 7. bekk geta sett inn sínar óskir en eldri ungmenni ganga fyrir. Þegar við hittumst á fyrsta degi Vinnuskólans þann 8. júní munu allir fá nánari upplýsingar um þennan hluta.

Hafið í huga að vinnuskólanemendum er velkomið að óska eftir verkefnum á öðrum starfsstöðvum en það er þá á ábyrgð foreldra að koma þeim á réttan stað og sækja að vinnudegi loknum. Þau verkefni sem hægt er að óska eftir ásamt almennri garðyrkju eru:

Hvanneyri

- ✓ Leikskólinn Andabær
- ✓ Sumarfjör
- ✓ Hvanneyrarbúið
- ✓ Skapandi sumarhópur
- ✓ við að leggja stund á íþróttir, tómsundur og listir.

Borgarnes

- ✓ Leikskólinn Ugluklettur og Klettaborg
- ✓ Safnahús
- ✓ hjá íþróttafélögum og á íþróttavellinum
- ✓ Skallagrímgarður
- ✓ Skapandi sumarhópur
- ✓ Sumarfjóri
- ✓ við að leggja stund á íþróttir, tómsundur og listir.

Reykholt

- ✓ Leikskólinn Hnoðraból
- ✓ Snorrastofa
- ✓ Skapandi sumarhópur
- ✓ við að leggja stund á íþróttir, tómstundir og listir.

Bifröst

- ✓ Leikskólinn Hraunborg
- ✓ Golfvöllurinn Glanni
- ✓ Háskólinn á Bifröst.
- ✓ Skapandi sumarhópur
- ✓ við að leggja stund á íþróttir, tómstundir og listir.

Efnileg ungmenni sem stunda íþróttir, tómstundir og listir geta fengið að sinna sínum tómstundum á launum. Markmið Borgarbyggðar með þessu er að koma til móts við þau ungmenni sem geta ekki með sama hætti og jafnaldrar þeirra unnið sumarvinnu hjá Borgarbyggð. Nánari upplýsingar og reglur finnið þið inn á [heimasíðu Borgarbyggðar](#). Sótt er um á þjónustugáttinni á sama umsóknareyðublaði og hjá Vinnuskólanum. Muna að skila inn öllum fylgigögnum svo umsókn verði tekin gild.

Yfir sumarið eru 4-5 dagar tileinkaðir samveru, skemmtun og forvarnarvinnu. Ferð verður farin í lok sumars sem er skipulögð af ungmennunum sjálfum.

Forráðamenn skrá unglina í Vinnuskólann, mikilvægt að taka fram í umsókn ef það er eitthvað sem flokkstjórar þurfa að fá að vita t.d ofnæmi eða greiningar.

Skráning fer fram í þjónustugátt Borgarbyggðar, opnað verður fyrir umsóknir 27.apríl.

Laun og vinnutímabil

Dagana 8. og 9. júní eiga allir að mæta í Óðal, þetta verða fræðslu, kennslu og hópeflisdagar. Mæting 09:00 og erum við til 16:00. Einnig þeir sem eru í 7. bekk. Þeir sem búa utan Borgarnes verða sóttir, nánari upplýsingar um það berast síðar.

Aldur	Laun	Útborgun	Vinnutími	Tímabil
13 ára. 7. bekkur	520 kr.	Fyrsta virka dag hvers mánaðar.	Mán-fös: 9:00-12:00	Hægt að velja um 3 vikur.
14.ára. 8. bekkur	624 kr.	Fyrsta virka dag hvers mánaðar.	Mán-fim: 09:00-12:00 og 13:00 -16:00 Fös: 09:00-12:00	Hægt að velja um 8 vikur.
15.ára 9. bekkur	832 kr.	Fyrsta virka dag hvers mánaðar.	Mán-fim: 09:00-12:00 og 13:00 -16:00 Fös: 09:00-12:00	Hægt að velja um 8 vikur.
16.ára 10. bekkur	1.040 kr.	Fyrsta virka dag hvers mánaðar.	Mán-fim: 09:00-12:00 og 13:00 -16:00 Fös: 09:00-12:00	Hægt að velja um 8 vikur.

*að auki er greitt 13,04% í orlof.

Nemendur í 8.-10. bekk fara í klukkutíma mat milli 12:00-13:00, taka einnig kaffitíma fyrir og eftir hádegi en gerðar eru kröfur að enginn fari í burtu í kaffitímanum sínum. Vegna þessa fá þau greiddar 35 min aukalega á hverjum degi.

Á umsóknareyðublaðinu veljið þið vikur ekki dagsetningar svo gott að hafa þetta til hliðsjónar.

Vika 1. 8.-12. júní

Vika 5. 6.-10. júlí

Vika 2. 15.-19. júní

Vika 6. 13.-17. júlí

Vika 3. 22.-26. júní

Vika 7. 20.-24. júlí

Vika 4. 29.júní.-3. júlí

Vika 8. 27.-31. júlí

Markmið með starfsemi Vinnuskóla Borgarbyggðar

Markmið með starfi Vinnuskólans er að:

- fegra og snyrta umhverfið,
- byggja upp vinnuvirðingu hjá nemendum og flokkstjórum,
- skipa trausta og sterka liðsheilid í öllu starfi Vinnuskólans,
- bjóða upp á eftirsóknarvert starf í Vinnuskólanum með áherslu og þátttöku unglunga í þroskandi og skapandi starfi,
- veita unglungum Vinnuskólans fjölbreytileg tækifæri til að fræðast um bæinn og nágrenni hans,
- kenna unglungum verklag, virðingu, stundvísi og aga,
- viðhalda jákvæðri ímynd um Vinnuskólann og gera hana enn jákvæðari,
- veita fræðslu á ýmsum sviðum auk forvarna.

Reglur Vinnuskóla Borgarbyggðar

Mikilvægt er að nemendur vinnuskólans fylgi reglum skólans, en þær eru að:

- nemendur mæti stundvislega til vinnu og sýni flokkstjórum hlýðni og kurteisi svo og öðrum þeim sem á vegi þeirra verða,
- nemendur komi til vinnu klædd með tilliti til verkefna og veðurfars,
- nemendur hafi alltaf með sér hollt og gott nesti í vinnu,
- orkudrykkir eru bannaðir í vinnuskólanum.

Komi upp agabrot getur flokkstjóri vísað viðkomandi heim. Ítrekuð brot geta orsakað brottrekstur úr vinnuskólanum að undangenginni áminningu.

Helstu verkefni útihóps Vinnuskólans

- Gangstéttir hreinsaðar
- Beð hreinsuð og gróðursett blóm
- Mála gangstéttir
- Raka svæði sem hefur verið slegið af áhaldahúsinu.
- Hreinsa arfa, njóla, lúpínu og kerfil.
- Fegra svæðið í kringum Skallagrímsgarð fyrir 17. júní. Þeir sem vilja mega vinna á 17. júní, aðstoða við íþróttahátíðina, andlitsmálning í Óðal, aðstoða áhaldahús við uppsetningu og tiltekt að hátíð lokinni.
- Einnig stendur vinnuskólanemendum til boða að vinna á Brákarhátíð, við undirbúning og á hátíðinni sjálfri.

Ef þið hafið einhverjar spurningar hvet ég ykkur til þess að senda póst á siggadora@umsb.is eða vinnuskoli@borgarbyggd.is